



SAGNFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS 50 ÁRA



**SAGNFRÆÐISTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS
50 ÁRA**

Sýning í Þjóðarbókhöðu
opnuð 2. september 2021

SAGNFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS 50 ÁRA

Sýningin er samstarfsverkefni Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

Sýningarstjórn:

Guðmundur Jónsson og Sumarliði Ísleifsson

Að sýningunni unnu:

Jakob Snævar Ólafsson og Rakel Jónsdóttir

Hönnun sýningar og sýningarskrár:

Ólafur J. Engilbertsson

Að sýningunni unnu fyrir hönd Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns:

Bragi Þorgrímur Ólafsson og Halldóra Kristinsdóttir

Ljósmyndir:

Skjalasafn Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands, Myndasafn Háskóla Íslands, Ljósmyndasafn Íslands, Ómar Óskarsson/
Morgunblaðið, Árni Sæberg, Kristinn Ingvarsson, Rakel Jónsdóttir, Ólafur J. Engilbertsson, Helgi Braga
Mynd framan á kápu: úr fyrirlesturáttíma í samtímasögu 1993. Mynd aftan á kápu: í málstofu hjá Guðmundi Hálfðanarsyni 1993

Margmiðlunarefni:

Myndskeið úr safni RÚV og Skjalasafni Háskóla Íslands. Myndvinnsla: Sveinn Benedikt Rögnvaldsson
Hljóðupptökur úr safni Miðstöðvar munnlegrar sögu. Samantekt: Jón Hrólfur Sigurjónsson. Viðmót: Daði Hall

Prentun skrár:

Svansprent

Prentun sýningar:

Sýningakerfi

Útgefendur:

Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2021

RANNSÓKNASTOFNUN Í SÖGUVÍSINDUM: HLUTVERK SAGNFRÆDISTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

„Fróðleiksmenn eigum við Íslendingar mjög marga, en sagnfræðinga fáa.“
(Björn Þorsteinsson, 1967)

Sagnfræðistofnun var komið á fót á umbrotatímum í fræðum og vísindum á Íslandi. Mikil umræða fór fram á árunum 1965–1970 um að bæta þyrfti Háskóla Íslands sem rannsóknaháskóla. Yfirvöld menntamála hófu átak í kjölfarið til að efla vísindastarfsemi innan háskólans og var sagnfræði þar ekki undanskilin. Björn Þorsteinsson sagnfræðingur var einn af hvatamönnum þess að komið yrði á fót „rannsóknastofnun í söguvísindum“. Í blaðaviðtali 1967 sagði hann að slík stofnun væri nauðsynleg til að koma íslenskri sagnfræði úr hjólförum þurrar persónusögu og almennrar fróðleikssöfnunar og búa sagnfræðingum sómasamleg skilyrði til rannsókna á sem flestum sviðum. Tengja þyrfti íslenska sögu við alþjóðlega sögu.

Þessar hugmyndir rættust þegar Háskólaráð staðfesti reglugerð fyrir „rannsóknastofnun í sagnfræði“ 13. apríl 1971 en starfsemin hófst þó ekki fyrr en í janúar 1972. Með reglugerð 1983 var nafni hennar breytt í Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Hlutverk Sagnfræðistofnunar hefur frá upphafi verið að annast grundvallarrannsóknir í sagnfræði, gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum og fyrirlestrum og sjá um útgáfustarfsemi. Henni hefur einnig verið ætlað að efla tengsl rannsókna og kennslu og að veita stúdentum þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum. Á síðari árum hefur Sagnfræðistofnun lagt áherslu á að efla alþjóðleg tengsl, taka þátt í samfélags-umræðu og miðla niðurstöðum sagnfræðirannsókna til almennings.

Fornleifafræði varð að námsleið í sagnfræði 2002 og jafnframt aðili að Sagnfræðistofnun allt þar til sérstök rannsóknastofa í fornleifafræði var stofnuð 2021. Hagnýt menningarmiðlun hefur einnig verið innan vébanda Sagnfræðistofnunar síðan 2006. Sagnfræðistofnun sjálf heyrir undir Hugvísindastofnun Háskóla Íslands ásamt öðrum rannsóknastofnunum í hugvísindum.


Undir hatti Sagnfræðistofnunar hafa starfað tvær minni einingar, Miðstöð munnlegrar sögu sem fluttist undir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn 2012, og Miðstöð einsögurannsókna.



Rætt við Björn Þor- steinsson sagnfræð- ing - fyrir hluti

—Ísland hefur verið kallað sögueyjan og Íslendingar söguþjóðin, en fólk gerir sér ef til vill ekki grein fyrir því, að Íslendingasögur liggja til grundvallar þessum nafngiftum. Orðið saga hefur viðtæka merkingu í íslensku og getur meðal annars táknað hið sama og historia á grísku, sem er alþjóðaorð og hefur verið þýtt sem sagnfræði á íslensku. Kannski er hér að leita skýringar á því, að margir Íslendingar gera sér ekki grein fyrir, hvað sagnfræði er Fróðleikssöfnun — aðráttur heimilda — og sagnfræði er sitt-hvað. Við getum líkt þessu við sand og sement annars vegar og fullgert hús hins vegar.

Fróðleiksmenn eigum við Íslendingar mjög marga, en sagnfræðinga fáa, eins og skýrt sést á því, að vafasamt er, að nokkur Íslendingur geti talizt hæfur til



Gunnar Karlsson. Ljósmynd: Kristján Maack, 1997. Myndasafn Háskóla Íslands.

SAGAN, HEIMILDIRNAR OG SAGNFRÆÐINGURINN

Greiður aðgangur að heimildum og skráum um þær skiptir sköpum fyrir vinnu sagnfræðingsins. Árið 1977 ákvað Sagnfræðistofnun að hefja vinnu við *Ritaskrá íslenskrar sögu og sagnfræði* þar sem safnað var saman greinum úr tímaritum og greinasöfnum, íslenskum og útlendum. Gunnar Karlsson stýrði verkinu frá upphafi og fékk fjölda sagnfræðinema til að aðstoða sig. Skráin var gerð rafhæf við opnun *Sögulóða – vefseturs um íslenska sagnfræði* 2004 undir heitinu *Íslandssaga í greinum*. Við sama tækifæri var birt á Sögulóðum skráin *Lokaritgerðir í sagnfræði* sem Guðmundur Jónsson tók saman með aðstoð sagnfræðinema.

Sagnfræðistofnun hefur einnig látið sig munnlegar heimildir varða. Ólafur Hansson, fyrsti forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, beitti sér fyrir því að stofnunin kæmi sér upp „munnlegu heimildasafni“ og fékk sagnfræðinema til að taka viðtöl við nokkra einstaklinga á árunum 1974–1975. Þráðurinn var tekinn upp aftur árið 2004 þegar Sagnfræðistofnun, að frumkvæði Guðmundar Jónssonar, hóf undirbúning að safni munnlegra heimilda. Miðstöð munnlegrar sögu tók til starfa í Þjóðarbókhöllu 2007 í samvinnu við nokkrar stofnanir. Árið 2012 var Miðstöðin gerð að einingu í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni en Sagnfræðistofnun hélt áfram aðild að fagráði hennar.



Miðstöð munnlegrar sögu.

Guðmundur Jónsson og Anna Agnarsdóttir á málþingi Sagnfræðistofnunar og Sögufélags í tilefni af sjötugsafmæli Önnu 2017. Ljósmynd: Árni Sæberg. Myndasafn Háskóla Íslands.



RANNSÓKNIR

Sagnfræðistofnun hefur gegnt forystuhlutverki á mörgum sviðum sagnfræðirannsókna á Íslandi. Flestar sagnfræðirannsóknir í Háskóla Íslands eru skipulagðar af kennurunum sjálfum, doktorsnemum og styrkþegum, en njóta oft stuðnings Sagnfræðistofnunar. Rannsóknir voru lengi vel einyrkjastarf en á síðari árum hefur teymisverkefnum fjölgað og samvinna höfð við innlenda og erlenda fræðimenn úr ýmsum greinum vísinda.

Stofnunin sjálf hefur lagt meiri áherslu á útgáfustörf en frumrannsóknir en þó hafa nokkrar umfangsmiklar rannsóknir verið unnar undir hatti hennar, stundum í samvinnu við aðrar rannsóknastofnanir. Meðal stærstu rannsókna sem Sagnfræðistofnun hefur staðið að eru:

Byggðasaga og eyðibýlarannsóknir á Norðurlöndum

Sagnfræðistofnun átti aðild að samnorrænum byggðarannsóknnum á Norðurlöndum um tímabilið 1300–1600. Verkefnið hófst 1966 en Íslendingar komu að því árið 1969 og unnu Björn Teitsson, Árni Indriðason og Ólafur Ásgeirsson hver sinn hluta. Alls voru gefin út 11 rit í verkefninu og eru niðurstöður þess teknar saman í bókinni *Desertion and Land Colonization in the Nordic Countries 1300–1600* í ritstjórn Svend Gissel o.fl. árið 1981.

Vesturheimsferðir Íslendinga á 19. og 20. öld

Þórhallur Vilmundarson hafði forgöngu um þátttöku íslenskra sagnfræðinga í samnorrænu rannsóknarverkefni um flutninga Norðurlandabúa til Ameríku. Júníus H. Kristinsson skrifaði cand. mag. ritgerð um Vesturheimsferðir úr Vopnafirði 1972 og Helgi Skúli Kjartansson cand. mag. ritgerð um Vesturheimsferðir almennt og birti niðurstöður á prenti, m.a. í bókinni *Framtíð handan hafs*. Árið 1975 hófu þeir Júníus og Helgi Skúli skrásetningu allra vesturfara frá Íslandi og lauk verkefninu 1983 með útgáfu *Vesturfaraskrár 1870–1914*.

Vesturfarar á skipinu Camoens e/s við Reykjanesvita 1885. Ljósmynd: Sigfús Eymundsson. Ljósmyndasafn Íslands.



VESTURFARASKRÁIN Í FRAMKVÆMD



Aðferðafræði rannsóknarinnar á flutningum Íslendinga til Vesturheims var nýlunda í íslenskri sagnfræði. Fyrsti gagnabankinn á tölvutæku formi varð til með vesturfaraskránni. Júníus H. Kristinsson og Helgi Skúli Kjartansson hófu skráninguna 1975 eftir leiðsögn erlendra samstarfsmanna. Upp úr kirkjubókum, skráum sýslumanna, farþegalistum og afritum af farsamningum voru teknar upplýsingar um nöfn, aldur, kyn og brottfararstað einstaklinga og þær færðar inn á sérstök rúðustrikuð blöð. Eftir þeim voru upplýsingarnar færðar á gataspjöld sem voru svo forritaðar inn í tölvu. Án tölvutækinnar hefði verið nánast ómögulegt að vinna tölfræðilega úr gögnum. Samkvæmt vesturfaraskránni fluttu 14.268 manns til Vesturheims á tímabilinu 1870–1914. Líklega hafa þeir verið nokkrum þúsundum fleiri.



Skaftáreldar og móðuharðindi

Rannsóknin beindist að umfangi Skaftárellda 1783–1784 og áhrifum þeirra á búfé og fólk. Að henni stóð stór hópur sagnfræðinga og jarðvísindamanna en í ritstjórninni af sagnfræðinga hálfu voru Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Sveinbjörn Rafnsson sem stýrði útgáfunni. Rannsókninni lauk árið 1984 með útgáfu bókarinnar *Skaftáreldar 1783–1784. Ritgerðir og heimildir*.

Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990

Samstarfsverkefni Sagnfræðistofnunar og Félagsvísindastofnunar um útgáfu ritgerðasafns um nýjar rannsóknir á þróun íslensks nútímaþjóðfélags. Átta höfundar lögðu til greinar í safnið og fjölluðu þær m.a. um stjórnmal og valdakerfið, fólksfjölda- og byggðapróun, hagþróun og stéttir, alþýðumenningu og velferðarkerfið. Verkefnið hófst 1986 og lauk með útgáfu samnefndrar bókar 1993 í ritstjórn Guðmundar Hálfðanarsonar og Svans Kristjánssonar.

Reykholtsrannsókn

Þverfagleg og alþjóðleg rannsókn á fornleifum, áhrifum mannabyggðar á umhverfi og hlutverki Reykholtis sem miðstöðvar á tíma Snorra Sturlusonar. Rannsóknin hófst 1999 og var unnin í samvinnu við nokkrar stofnanir og fjölda erlendra fræðimanna. Verkefninu lauk með útkomu bókarinnar *Snorri Sturluson and Reykholt. The Author and Magnate, His Life, Works and Environment at Reykholt in Iceland* sem kom út 2018 í ritstjórn Guðrúnar Sveinbjarnardóttur og Helga Þorlákssonar.

Saga íslenskrar utanlandsverslunar

Rannsókn á sögu utanlandsverslunar með áherslu á umsvif og áhrif verslunar, viðskiptastefnu og afstöðu Íslendinga til verslunar. Verkefnið hófst formlega 1999 og tóku þátt í því Anna Agnarsdóttir, Gísli Gunnarsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Bjarnason, Helgi Skúli Kjartansson og Helgi Þorláksson. Því lauk árið 2017 með útgáfu tveggja binda verks, *Líftaug landsins. Saga íslenskrar utanlandsverslunar 900–2010* undir ritstjórn Sumarliða R. Ísleifssonar.

Útflutningur sauðfjár frá Garðarsbryggju á Seyðisfirði einhvern tíma á árabílinu 1900–1910. Ljósmyndasafn Íslands/Guðmundur Ólafsson.

STARFSFÓLKID Á STOFNUNINNI

Sagnfræði var heldur faliðuð grein þegar Sagnfræðistofnun hóf starfsemi sína. Fastráðnir kennarar voru aðeins fimm, prófessorarnir Björn Þorsteinsson, Ólafur Hansson og Þórhallur Vilmundarson og lektorarnir Bergsteinn Jónsson og Jón Guðnason. Með fjölgun nemenda á áttunda og níunda áratugnum tvöfaldaðist fjöldi kennara. Sagnfræðin var mikið karlavígi því að engin kona var í kennaraliðinu fyrr en Anna Agnarsdóttir var skipuð lektor 1990. Nú eru 12 fastir kennarar, þar af fjórar konur.

Kennarar í sagnfræði hafa verið burðarásinn í starfi Sagnfræðistofnunar en eftir aldamótin bættust í hópinn kennarar í fornleifafræði og hagnýtri menningarmiðlun. Doktorsnemum hefur fjölgað síðustu árin og eru nú á þriðja tuginn. Rannsóknir þeirra eru orðnar veigamikill þáttur í þekkingarsköpun sagnfræðinnar.

Kennarar í námsbraut í sagnfræði 2021: Guðmundur Hálfðanarson, Valur Ingimundarson, Guðmundur Jónsson, Sumarliði R. Ísleifsson, Viðar Pálsson, Erla Hulda Halldórsdóttir, Sverrir Jakobsson, Sigurður Gylfi Magnússon og Ragnheiður Kristjánsdóttir. Á myndina vantar Kristjönu Kristinsdóttur, Má Jónsson og Rósu Magnúsdóttur.



NOKKRAR YFIRSTANDANDI RANNSÓKNIR Í SAGNFRÆÐI ÁRIÐ 2021

Oddarannsóknin. Sverrir Jakobsson og Viðar Pálsson.

Norrænir menn í Austurvegi. Sverrir Jakobsson.

Heimsins hnoss. Söfn efnismenningar, menningararfur og merking. Sigurður Gylfi Magnússon og Már Jónsson.

Undirstöður landbúnaðarsamfélagsins. Fjölskylda og heimilisbúskapur í byrjun 18. aldar. Guðmundur Jónsson.

Reimagining Norden in an Evolving World. Valur Ingimundarson.

The Power of Narratives. Democracy and Media in Political Turmoil. Guðmundur Hálfðanarson.

Í kjölfar kosningaréttar. Félags- og menningarsöguleg rannsókn á konum sem pólitískum gerendum 1915–2015. Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir.



Ólafur Hansson, fyrsti forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, við kennslu veturinn 1969–1970.

FORSTÖÐUMENN SAGNFRÆÐISTOFNUNAR 1972–2021

Fastráðnir kennarar í sagnfræði hafa skipst á að stýra stofnuninni og veitir einn þeirra henni forstöðu á hverjum tíma. Með forstöðumanni hefur ávallt setið í stjórn að minnsta kosti einn annar kennari auk fulltrúa nemenda. Eftirtaldir kennarar hafa gegnt stöðu forstöðumanns:

Ólafur Hansson 1972–1975, 1978–1979
 Björn Þorsteinsson 1975–1978, 1979–1980
 Sveinbjörn Rafnsson 1980–1984
 Þór Whitehead 1984–1986
 Gunnar Karlsson 1986–1988, 2004–2006
 Ingi Sigurðsson 1988–1990
 Gísli Gunnarsson 1990–1992
 Gísli Ágúst Gunnlaugsson 1992–1994
 Guðmundur Hálfðanarson 1994–1996
 Anna Agnarsdóttir 1996–1998, 2012–2015
 Helgi Þorláksson 1998–2000
 Loftur Guttormsson 2000–2002
 Guðmundur Jónsson 2002–2004, 2018–2021
 Már Jónsson 2006–2010
 Valur Ingimundarson 2010–2012
 Ragnheiður Kristjánsdóttir 2015–2018

Fastir kennarar og stundakennarar í sagnfræði 1997. Aftari röð f.v.: Guðni Th. Jóhannesson, Gunnar Karlsson, Helgi Þorláksson, Sveinbjörn Rafnsson, Axel Kristinsson, Ingi Sigurðsson, Guðmundur Jónsson, Sigurður Gylfi Magnússon. Fremri röð f.v.: Gísli Gunnarsson, Sigrún Pálsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Valur Ingimundarson.




ÚTGÁFA OG MIÐLUN SAGNFRÆÐIRANNSÓKNA

Sagnfræðistofnun er vettvangur fyrir kennara, nýútskrifaða sagnfræðinema og aðra sagnfræðinga til að koma rannsóknum sínum á framfæri. Fyrsta útgáfurit stofnunarinnar, *Frá endurskoðun til valtyssku* eftir Gunnar Karlsson, kom út 1972 en það nýjasta er frá 2019, *Hugmyndaheimur Páls Briem* í ritstjórn Ragnheiðar Kristjánsdóttur og Sverris Jakobssonar. Bækurnar sem Sagnfræðistofnun hefur komið að eru orðnar hátt í eitt hundrað talsins.

Flestar útgáfubækur stofnunarinnar hafa verið gefnar út í tveim ritröðum, *Sagnfræðirannsóknnum – Studia Historica* og *Ritsafni Sagnfræðistofnunar*. Ritraðirnar miðuðu einkum að útgáfu á endurskoðuðum lokaritgerðum sagnfræðinema eða ritum sem þóttu nauðsynleg fyrir sagnfræðikennslu. Á síðari árum hefur áherslan færst á viðameiri rannsóknir kennara og annarra sagnfræðinga auk ráðstefnurita og þýðinga á erlendum sagnfræðiritum. Um aldamótin hóf stofnunin útgáfu ritraðarinnar *Heimildasafn* sem miðar að útgáfu frumheimilda. Miðstöð einsögurannsóknna stendur að útgáfu í ritöðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar*. Utan ritraðanna hafa komið út á annan tug bóka á vegum stofnunarinnar og á allra síðustu árum hafa nokkur rit verið gefin út í rafrænu formi.

Kennarar hafa farið inn á nýjar brautir í miðlun sagnfræðilegrar þekkingar á síðari árum. Markmiðið er að ná til annarra fræðimanna og almennings á árangursríkan hátt og taka virkan þátt í samfélagsumræðu. Gerð útvarpsþátta, vefurinn *Söguslóðir*, námsleið í hagnýtri menningarmiðlun, Miðstöð munnlegrar sögu og hlaðvarpsþættirnir *Badstofan* eru allt greinar á þessum meiði.



Eggert Þór Bernharðsson beitti sér fyrir nýjungum í miðlun sögu til almennings s.s. með sýningum og útvarps- og sjónvarpsþáttum. Myndin er tekin 2009. Myndasafn Háskóla Íslands.





Veggspljald frá Íslenska söguþinginu 1997. Ljósmynd: Kristinn Ingvarsson.



Frá Íslenska söguþinginu 2002. Ljósmynd: Bergþór Sigurðsson. Myndasafn Háskóla Íslands.

RÁÐSTEFNUR OG ÖNNUR MANNAMÓT

Sagnfræðistofnun gegnir lykilhlutverki í samskiptum íslenskra sagnfræðinga innbyrðis og við erlenda starfsfélaga sína. Frá upphafi hafa ráðstefnur, málþing, málstofur, fyrirlestrar og námskeið verið snar þáttur í starfi stofnunarinnar. Fyrsti viðburðurinn sem Sagnfræðistofnun stóð fyrir var norræn ráðstefna um eyðibýlarannsóknir á Húsavík 1974 og árið eftir var haldið námskeið í Íslandssögu fyrir norræna stúdenta.

Tengslin við erlendar systurstofnanir, sérstaklega á Norðurlöndum, hafa alltaf verið sterk. Hér ber einkum að nefna norrænu sagnfræðingapingin en þátttaka Íslendinga í þeim jókst mjög á áttunda áratugnum. Það þótti tíðindum sæta að Íslendingar tækju þátt í öllum meginefnum ráðstefnunnar 1977. Í starfi Sagnfræðistofnunar ber hæst norrænu þingin sem haldin voru í Reykjavík 1987 og 2007. Fyrir þingið 1987 tóku Sagnfræðingafélag Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands og Sagnfræðistofnun höndum saman og komu á fót Landsnefnd sagnfræðinga sem hefur síðan annast alþjóðleg samskipti og undirbúning stórra ráðstefna.

Íslensku söguþingin eru stórviðburðir í ráðstefnuhaldi Sagnfræðistofnunar. Hundruð sagnfræðinga og söguáhugamanna sækja þingin hverju sinni og eru þau mikil lyftistöng fyrir íslenska sagnfræði. Fyrsta þingið var haldið 1997 en síðan hafa þrjú þing verið haldin, 2002, 2006 og 2012. Næsta þing er fyrirhugað í maí 2022.



Michael Bregnsbo lektor í sagnfræði við Syddansk Universitet flytur Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar 2014. Ljósmynd: Ómar Óskarsson / Morgunblaðið.

MINNINGARFYRIRLESTUR JÓNS SIGURÐSSONAR

Ár hvert býður Sagnfræðistofnun þekktum erlendum sagnfræðingi að halda Minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar. Sagnfræðingar af ólíkum sviðum og þjóðernum hafa auðgað sagnfræðina og víkkað sjónvildarhorning sagnfræðinga með fyrirlestrum og málstofum. Fyrsti og einn eftiminnilegasti gesturinn var Arthur Marwick prófessor við Open University í Englandi sem flutti opunarfyrirlestur á Íslenska söguþinginu 1997. Vakti hann athygli hvert sem hann fór. Á meðal annarra fyrirlesara sem sótt hafa Háskóla Íslands heim eru Eva Österberg, Ole Feldbæk, Jürgen Kocka, Alan Milward, Ida Blom, Geoff Ely, Miroslav Hroch, David Cannadine, Gro Hagemann, Timothy Snyder og Ian Hodder.

NÁM OG KENNSLA Í SAGNFRÆÐI

Í upphafi var Sagnfræðistofnun ætlað að annast kennslu í sagnfræði eins og tíðkaðist í systurstofnunum á Norðurlöndum. Kennslan heyrði ekki aðeins undir stofnunina heldur einnig námsnefnd í sagnfræði og heimspékideild. Kennsluhlutverkinu var aflétt af Sagnfræðistofnun 1983 og eftir það var kennslan alfarið í höndum námsnefndar í sagnfræði, síðar sagnfræðiskorar og enn síðar námsbrautar í sagnfræði.

Sagnfræði varð geysivinsæl fræðigrein um og eftir 1970 og nemendum fjölgaði ört. Nýnemar voru að meðaltali um 70 í kringum 1980 en fjöldinn hefur sveiflast upp og niður og er hann nú 40–50. Karlar hafa alltaf verið fleiri en konur í hópi nemenda, eða um 60%, og hefur hlutfallið lítið breyst á síðustu árum.

Eftir langt tímabil kyrrstöðu urðu róttækar breytingar á skipulagi sagnfræðinámsins á áttunda áratugnum. Sagnfræðin sagði endanlega skilið við aðrar greinar íslenskra fræða og heildstæðu sagnfræðinámi var komið á laggirnar. Doktorsnám var tekið upp 1990.

Kennsluhættir í sagnfræði voru lengi vel íhaldsamir. Kennslan miðaðist við að veita nemendum yfirlitsþekkingu á sögunni í stórum skyldunámskeiðum og var Íslandssaga fyrri alda í fyrirrúmi. Í meistaranámi var meiri áhersla lögð á greinandi sagnfræði og sérhæfðari viðfangsefni. Smám saman fékk 19. og 20. aldar saga meira rúm og sagnfræðikennarar gáfu aðferðafræði, kennslufræði og miðlun sögu meiri gaum.

Fyrirlestrar voru ríkjandi kennsluaðferð, margir kennaranna lásu skrifaða fyrirlestra sína og nemendur glósuðu í gríð og erg eftir þeim. Hægt og bítandi urðu kennsluaðferðir fjölbreyttari, umræðutímar með framsögum nemenda urðu vinsælir. Eftir 1980 fóru myndvarpar að leysa krítartöfluna af hólmi og með tölvutækninni tók textavinnsla og gagnaöflun og -úrvinnsla stórstígum framförum. Eftir aldamótin fóru PowerPoint-glærusýningar að njóta hylli og dofnaði þá mjög yfir glósugerð nemenda.



Á kaffistofunni í Árnagarði.



Í málstofu hjá Guðmundi Hálf-danarsyni 1993. Báðar myndirnar eru úr Skjalasafni Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands.



Emil Gunnlaugsson meistaranemi við rannsóknir í Guðnastofu 2021. Ljósmynd: Kristinn Ingvarsson.



Frá doktorsvörn Sigríðar Matthíasdóttur 2004. Hún varð fyrst til að ljúka doktorsnámi í sagnfræði við Háskóla Íslands.



Guðnastofa vorið 2021. Ljósmynd: Rakel Jónsdóttir.

HVAR Á SAGNFRÆÐISTOFNUN HEIMA?

Í lítilli stofu á fjórðu hæð í Árnagarði er rannsóknastofa Sagnfræðistofnunar. Hún lætur lítið yfir sér og aðbúnaður er fremur fábreyttur. Í rannsóknastofunni slær samt hjarta Sagnfræðistofnunar. Þar halda kennarar fundi og lengi vel var í stofunni les- og vinnuaðstaða fyrir framhaldsnema í sagnfræði sem skipti miklu máli fyrir þá því vinnuaðstaða fyrir stúdenta var ónóg þar til Þjóðarbókhlaðan kom til sögunnar 1994. Nýdoktorar og gestafræðimenn hafa einnig fengið þar aðstöðu til rannsókna.

Prýði rannsóknastofunnar er bókasafnið, ágætt safn fræðirita um sagnfræði og íslenska menningu. Stofn þess er bókasafn Guðna Jónssonar prófessors í sagnfræði 1961–1966 sem erfingjar hans gáfu. Því ber rannsóknastofan heitið Guðnastofa. Bókasafnið hefur stækkað á undanförunum áratugum með bókakaupum en einnig hafa nokkrir einstaklingar arfleitt stofnunina að bókasöfnum sínum.

Nú er Guðnastofa fyrst og fremst nýtt sem fundarstaður kennara, rannsóknabókasafn og aðstaða fyrir gestafræðimenn. Framhaldsnemar sem vinna að sérstökum verkefnum fyrir Sagnfræðistofnun og kennara hennar hafa þar einnig aðstöðu.

„TILVISTARFRÆÐILEGT VANDAMÁL“ SAGNFRÆÐISTOFNUNAR


„Það er ... sífellt tilvistarfræðilegt vandamál hvað Sagnfræðistofnun eiginlega er. Frá vissu sjónarmiði séð er hún kennarar og nemendur í sagnfræði og allt sem þeir gera. Þeir eru allir starfsmenn Sagnfræðistofnunar, þótt ekki sé tekið svo til orða um stúdenta í reglugerð. Á hinn bóginn getur ókunnugur leitað af sér allan grun í Árnagarði, þar sem stofnunin er til húsa, án þess að finna hana. Hún hefur enga afgreiðslu, enga skrifstofu, ekkert andlit. Í þrengsta skilningi er hún lítið annað en lág fjárveiting á fjárhagsáætlun háskólans, árið 1986 er hún 489.000 krónur, sem kennarar og stúdentar í sagnfræði ráðstafa. Starfsemin, sem heyrir beinlínis undir stjórn Sagnfræðistofnunar, felst aðallega í ráðstöfun þessara króna.“

Úr skýrslu Gunnars Karlssonar um Sagnfræðistofnun í *Árbók Háskóla Íslands* 1984–1985, 66.

ÚTGÁFUBÆKUR SAGNFRÆÐISTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

SAGNFRÆÐIRANNSÓKNIR – STUDIA HISTORICA

1. Gunnar Karlsson: *Frá endurskoðun til valtyisku*. Sagnfræðistofnun og Menningarsjóður (1972).
2. Björn Teitsson: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Pingeyjarsýslu 1703–1930*. Sagnfræðistofnun og Menningarsjóður (1973).
3. Heimir Þorleifsson: *Saga íslenzkrar togaraútgerðar fram til 1917*. Sagnfræðistofnun og Menningarsjóður (1974).
4. Hjörtur Pálsson: *Alaskaför Jóns Ólafssonar 1874*. Sagnfræðistofnun og Menningarsjóður (1975).
5. Þór Whitehead: *Kommúnistahreyfingin á Íslandi 1921–1934*. Sagnfræðistofnun og Menningarsjóður (1979).
6. Sólrún B. Jensdóttir: *Ísland á brezkvaaldsvæði 1914–1918*. Sagnfræðistofnun og Menningarsjóður (1980).
7. Sigurður G. Magnússon: *Lífshættir í Reykjavík 1930–1940*. Sagnfræðistofnun og Menningarsjóður (1985).
8. Trausti Einarsson: *Hvalveiðar við Ísland 1600–1930*. Sagnfræðistofnun og Menningarsjóður (1987).
9. Ólafur Ásgeirsson: *Iðnbylting hugarfarsins. Átök um atvinnuþróun á Íslandi 1900–1940*. Sagnfræðistofnun og Menningarsjóður (1988).
10. Jón Viðar Sigurðsson: *Frá goðorðum til ríkja. Þróun goðavalds á 12. og 13. öld*. Sagnfræðistofnun og Menningarsjóður (1989).
11. Þorleifur Óskarsson: *Íslensk togaraútgerð 1945–1970*. Sagnfræðistofnun og Menningarsjóður (1991).
12. Agnes S. Arnórsdóttir: *Konur og vígamenn. Staða kynjanna á Íslandi á 12. og 13. öld*. Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan (1995).
13. Sigurður Gylfi Magnússon: *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasmfélagi 19. og 20. aldar*. Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan (1997).
14. Unnur B. Karlsdóttir: *Mannkynbætur. Hugmyndir um bættu kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld*. Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan (1998).
15. Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson: *Æska og saga. Söguvitund íslenskra unglinga í evrópskum samanburði*. Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan (1999).
16. Hrefna Róbertsdóttir: *Landsins forbetran. Innréttingarnar og verkþekking í ullarvefsmiðjum átjándu aldar*. Háskólaútgáfan (2001).
17. Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson: *Framtíð handan hafs. Vesturfarir frá Íslandi 1870–1914*. Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan (2003).
18. *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritað mál, menntun og félagshreyfingar*. Ritstjórar Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson. Reykjavík (2003).
19. Þorleifur Friðriksson: *Við brún nýs dags. Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906–1930*. Efling stéttarfélag, Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan (2007).
20. Hugrún Ösp Reynisdóttir: *Saga viðskiptaráðuneytisins 1939–1994. Frá höftum til viðskiptafrelsis*. Viðskiptaráðuneytið, Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan (2009).



Ritstjórar
Ragnheiður Kristjánsdóttir
og Sverrir Jakobsson

HUGMYNDAHEIMUR PÁLS BRIEM





21. Þorleifur Friðriksson: *Dagar vinnu og vona. Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í kreppu og köldu stríði*. Efling stéttarfélag, Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan (2012).
22. Sverrir Jakobsson: *Saga Breiðfirðinga I. Fólk og rými frá landnámi til plágunnar miklu*. Reykjavík (2015).
23. Árni Daníel Júlíusson: *Af hverju strái. Saga af byggð, grasi og bændum 1300–1700* (2018).
24. *Hugmyndaheimur Páls Briem*. Ritstjórar Ragnheiður Kristjánsdóttir og Sverrir Jakobsson. Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan (2019).

RITSAFN SAGNFRÆÐISTOFNUNAR

1. Sigfús Haukur Andrésen: *Þjóðskjalasafn Íslands. Ágrip af sögu þess og yfirlit um heimildasöfn þar* (1979, 2. útg. 1982).
2. Sveinbjörn Rafnsson: *Skrift, skjöl og skjalasöfn. Ágrip af skjalfræði* (1980).
3. *Sex ritgerðir um herstöðvamál*. Eftir stúdenta í sagnfræði við heimspekideild Háskóla Íslands (1980).
4. Gunnar F. Guðmundsson: *Eignarhald á afréttum og almenningum. Sögulegt yfirlit* (1981).
5. Guðmundur Jónsson: *Vinnuhjú á 19. öld* (1981).
6. Gunnar Karlsson: *Hvarstæða. Leiðbeiningar um bókanotkun í sagnfræði* (1981).
7. Gunnar Karlsson: *Baráttan við heimildirnar. Leiðbeiningar um rannsóknartækni og ritgerðavinnu í sagnfræði* (1982).
8. Sveinbjörn Blöndal: *Sauðasalan til Bretlands* (1982).
9. Silja Aðalsteinsdóttir og Helgi Þorláksson (ritstj.): *Förändringar í kvinnors villkor under medeltiden* (1983).
10. Loftur Guttormsson: *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld* (1983).
11. Jón V. Sigurðsson: *Keflavíkurflugvöllur 1947–1951* (1984).
12. Valdimar Unnar Valdimarsson: *Alþýðuflokkurinn og stjórn hinna vinnandi stétta 1934–1938* (1984).
13. Æsa Sigurjónsdóttir: *Klæðaburður íslenskra karla á 16., 17. og 18. öld* (1985).
14. Bragi Guðmundsson: *Efnamenn og eignir þeirra um 1700. Athugun á íslenskum göss-eigendum í jarðabók Árna og Páls og fleiri heimildum* (1985).
15. Ingi Sigurðsson: *Íslensk sagnfræði frá miðri 19. öld til miðrar 20. aldar* (1986).
16. Pétur Pétursson og Haraldur Jóhannsson (útg.): *Réttvísir gegn Ólafi Friðrikssyni o.fl. Heimildir* (1986).
17. Gunnar F. Guðmundsson: *Kapólskt trúboð á Íslandi 1857–1875* (1987).
18. Gunnar Karlsson (ritstj.): *Kilderne til den tidlige middelalders historie* (1987).
19. Gunnar Karlsson (ritstj.): *Nationale og etniske minoriteter in Norden i 1800–1900-tallet* (1987).

20. Gunnar Karlsson (ritstj.): *Levestandarden i Norden 1750–1914* (1987).
21. *Iðnbylting á Íslandi. Umsköpun atvinnulífs um 1880–1940* (1987).
22. Jón Thor Haraldsson: *Ósigur Oddaverja* (1988).
23. Þórunn Magnúsdóttir: *Sjókonur á Íslandi 1891–1981* (1988).
24. Jón Gunnar Grjetarsson: *Síbería. Atvinnubótavinna á kreppuárunum* (1988).
25. Helgi Þorláksson: *Gamlar götur og goðavald. Um fornar leiðir og völd Oddaverja í Rangárbíngi* (1989).
26. Hrefna Róbertsdóttir: *Reykjavíkurfélög. Félagshreyfing og menntastarf á ofanverðri 19. öld* (1990).
27. Jón Guðnason (útg.): *Jafnaðarmannafélagið á Akureyri. Fundargerðabók 1924–1932* (1990).
28. Gísli Ágúst Gunnlaugsson: *Því dæmist rétt að vera. Afbrót, refsingar og íslenskt samfélag á síðari hluta 19. aldar* (1991).
29. Jón Þ. Þór: *Landhelgi Íslands 1901–1952* (1991).
30. Gunnar Karlsson: *Að læra af sögu. Greinasafn um sögunám* (1992).
31. Dagný Heiðdal: *Aldamótakonur og íslensk listvakning* (1992).
32. Jón Guðnason: *Umbylting við Patreksfjörð 1870–1970. Frá bændasamfélagi til kapitalisma* (1993).
33. Sveinbjörn Rafnsson: *Páll Jónsson Skálholtsbiskup. Nokkrar athuganir á sögu hans og kirkjustjórn* (1993).
34. Jörn Rüsen: *Lifandi saga. Framsetning og hlutverk sögulegrar þekkingar* (1994). Gunnar Karlsson þýddi.
35. Sveinbjörn Rafnsson: *Sögugerð Landnámabókar. Um íslenska sagnaritun á 12. og 13. öld* (2001).
36. Ezio Ornato: *Lofræða um handritamergð. Hugleiðingar um bóksögu miðalda* (2003). Björg Birgisdóttir og Már Jónsson þýddu.
37. Georg G. Iggers: *Sagnfræði á 20. öld. Frá vísindalegri hlutlægni til póstmódernískrar gagnrýni* (2004). Eiríkur K. Björnsson, Ólafur Rastrick og Páll Björnsson þýddu.
38. Gísli Gunnarsson: *Fiskurinn sem munkunum þótti bestur. Íslandsskreiðin á framandi slóðum 1600–1800* (2004).
39. Lars Hermanson et al. (red.): *Vänner, patroner och klienter i Norden 900–1800* (2007).
40. Ása Karlsson Sjögren (red.): *Kvinnor och politik i det tidigmoderna Norden* (2007).
41. Christina Folke Ax et al. (eds.): *Encountering Foreign Worlds. Experiences at Home and Abroad* (2007).
42. Sveinbjörn Rafnsson: *Af fornum lögum og sögum. Fjórar ritgerðir um forníslenska sögu* (2011).
43. Sveinbjörn Rafnsson: *Um Snorra Eddu og Munkagaman. Drög til menningarsögu íslenskra miðalda* (2016).
44. Aðalgeir Kristjánsson: *Bókabylting 18. aldar. Fræðastörf og bókaútgáfa upplýsingarmanna* (2008).





HEIMILDASAFN SAGNFRÆÐISTOFNUNAR

1. Magnús Stephensen: *Ræður Hjálmars á Bjargi*. Örn Hrafnkelsson bjó til prentunar. Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan (1999).
2. *Dulsmál 1600–1900. Fjórtán dómur og skrár*. Már Jónsson bjó til prentunar og ritaði inngang. Sagnfræðistofnun og Háskólaútgáfan (2000).
3. *Historical Account of a Revolution on the Island of Iceland in the Year 1809*. Edited by Óðinn Melsteð and Anna Agnarsdóttir. Institute of History, University of Iceland Press (2016).

BÆKUR SAGNFRÆÐISTOFNUNAR UTAN RITRAÐA

Június H. Kristinsson: *Vesturfaraskrá 1870–1914* (1983).

Skaftáreldar 1783–1784. Ritgerðir og heimildir. Ritstj. Gísli Á. Gunnlaugsson, Gylfi Már Guðbergsson, Sigurður Þórarinnsson, Sveinbjörn Rafnsson og Þorleifur Einarsson. Mál og Menning (1984).

Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990. Ritgerðir. Ritstjórar Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson. Sagnfræðistofnun og Félagsvísindastofnun (1993).

Gísli Ágúst Gunnlaugsson: *Saga og samfélag. Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar*. Ritstjórn Guðmundur Hálfðanarson, Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir. Sagnfræðistofnun og Sögufélag (1997).

Íslenska söguþingið 28.–31. maí 1997. Ráðstefnurit I–II. Ritstjórar Guðmundur J. Guðmundsson, Eiríkur K. Björnsson, Anna Agnarsdóttir og Eggert Þór Bernharðsson (1998).

Aspects of Arctic and Sub-Arctic History. Proceedings of the International Congress on the History of the Arctic and Sub-Arctic Region, Reykjavík, 18–21 June 1998. Edited by Ingi Sigurðsson and Jón Skaptason. University of Iceland Press (2000).

Voyages and Explorations in the North Atlantic from the Middle Ages to the XVIIth Century. Papers presented at the 19th International Congress of Historical Sciences, Oslo 2000. Edited by Anna Agnarsdóttir. Institute of History (2001).

2. íslenska söguþingið 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit I–II. Ritstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands og Sögufélag (2002).

Þriðja íslenska söguþingið 18.–21. maí 2006. Ráðstefnurit. Ritstjórar Benedikt Eypórsson og Hrafnkell Lárusson. Aðstandendur Þriðja íslenska söguþingsins (2007).

Erla Hulda Halldórsdóttir: *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum [RIKK] og Háskólaútgáfan (2011).

Ólafur Rastrick: *Háborgin. Menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan (2013).

Sumarliði R. Ísleifsson: *Tvær eyjar á jaðrinum. Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar nítjándu aldar*. Sagnfræðistofnun (2015).

Loftur Guttormsson, *Childhood, Youth and Upbringing in the Age of Absolutism*. Translated by Keneva Kunz. Institute of History, The Iceland University Press (2017).



HÁSKÓLI ÍSLANDS
SAGNFRÆÐISTOFNUN

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

